

Fjögur ljóð úr bókinni *Austerity Measures: The New Greek Poetry*

Austerity Measures: The New Greek Poetry er safn nýlegra grískra ljóða (ritstj. Karen van Dyck, útg. New York Review of Books, 2016) þar sem þau eru prentuð á frummálinu ásamt þýðingum á ensku.

Ljóðin í safninu tengjast kreppunni í Grikklandi sem hefur staðið í næstum áratug. Ég hef snúið fjórum þeirra á íslensku og fara þau hér á eftir.

Það fyrsta heitir *Úr villudómi* (Από την Παραλογή). Villudómar (παραλογές) eru flokkur alþýðlegs kveðskapar hjá Grikkjum. Slíkar þulur eru oftast alllangar frásagnir byggðar á efni úr þjóðsögum eða gosögnum. Þær eru yfirleitt fjarstæðukenndar með einhverjum hætti og frásögnin utan við venjulegan veruleika.

Þetta ljóð birtist fyrst í bókinni *Giak* (Γκιακ) sem kom út árið 2014. Sú bók hlaut bókmenntaverðlaun Akademiunnar í Aþenu árið 2015. Höfundurinn *Ðimosþenis Papamarkos* (Δημοσθένης Παπαμάρκος) er fæddur árið 1983 í *Malesina* (Μαλεσίνα) í Grikklandi.

Bragarháttur frumtextans er dæmigerður grískur þjóðkvæðaháttur með fimmtán atkvæða línum.

Í frumtextanum heitir ferðalangurinn *Hgaros* (Χάρος) en hann er persónugervingur dauðans í grískri þjóðtrú. Til forna hét hann *Χάρων* og ferjaði hina dauðu yfir heljarfljótið. Á íslensku er hann stundum kallaður *Karon*. Í þýðingu minni kallast hann *Dauðinn*.

Ðimosþenis Papamarkos

Úr Villudómi

Pung voru sporin, þreyttur var Dauðinn, þjakandi byrðar,
skrælnaðir gómar, klárinn var líka kvalinn af þorsta,
hesturinn blakki. Áðu um stund hjá Einbúalindum.
Af reiðverum jálksins reipi þá tekur, hönk, það er undið,
svart eins og hjartað í ferðalang þeim sem frá skal nú greina,
tvinnað og þrinnað úr ekkjunnar hári, harmanda lokkum,
svo endist í sól og líka í regni og rýrni ekki af tárur,
að þrengt geti fjötur, fast geti slegið, og ef að heyrir
kjökur það bíti, eitruðum naddi, nöðrunnar gini.
Ungmenni bindur við hávaxna stofna, stúlkurnar reyrir
við kræklótta furu, kornabörn njörvar á þyrnótta runna.
Snýr sér að Faxa, yrðir á blakk sinn með aktygin skreyttu:
– Ég geng nið'rað Lindum, fylli á belginn, færi þér sopa
úrvinda báðir erum og þurfum góminn að væta.
En langt er í vatnið, ógreiðfært klungur, klettótt er landið,
einstigið mjóa ætla ég niður, upp til að sækja
vatn og þú bíður, vaktar þá dauðu, lætur þá þegja,

annars er hætt við að ýlfrið og kveinin styggi burt lækinn
 hann renni til baka, hræðist og hverfi ofan í grjótið.
 – Farðu og drektu og fylltu á belginn og færðu mér sopa,
 þrælanna skal ég gæta á meðan, óttastu ekki.
 Með sverðið við belti, bogann um öxl og belginn úr leðri
 smokrar sér inn í þéttvaxinn gróður, grýtt er þar undir,
 gengur þá slóðann, götuna tæpu, niður að Lindum.
 Opnaðist gjáin, hyl djúp sem hafið, svört eins og kráka.
 Bregður þeim gamla, á brúninni hikar, nemur þar staðar.
 Dauðann þá sundlar, áfram þó heldur, illur er þorstinn
 og gjálfrandi vatnið freistar svo ekk' er um annað að ræða.
 Konungum brugðið löppin sú hefur sem leitar og fálmar
 í bjargfastar nafir, brúnir og syllur að feta sig niður.
 Ei voru skrefin mörg á hans göngu, tæplega tíu,
 áður en heyrðust ofan í djúpi samræður manna
 áþekkar bæði uglunnar væli og fashana kurri.
 Heyrandi þetta, hóar í Faxa, kallar og mælir:
 – Ég sagð' að þú ættir að annast þá dauðu og halda í skefjum
 svo fæli þeir ekki fljótið og hreki ofan í jörðu,
 samt lætur þú náina nöldra og væla með kjaftæði og skvaldur.
 Hesturinn blakki hneggjandi kvað hér annað á seyði:
 – Sof' eins og ungbörn allir þeir dauðu, bæra ekki á sér.
 Ef harmljóð þú nemur, kvein eða kjökur, líttu þá eftir
 hvort mælenda finnur, í gilinu djúpa, með sorgir í sefa.

Næsta ljóð heitir *Bleik martröð* (Ροζ εφιαλτικό). Höfundurinn Elena Penga (Έλενα Πέγκα) er fædd í Þessalóníku árið 1964. Ljóðið birtist fyrst í ljóðabók hennar *Aðkreppt belti og önnur skinn* (Σφιχτές ζώνες και άλλα δέρματα) sem kom út árið 2012.

Elena Penga

Bleik martröð

Það er rigning. Hérna. Líka þarna. Þar sem þú syngur. Rigningin fellur af krafti. Ég á náttstað í húsi mínu í djúpum hægindastól. Hann getur snúist. Ég læt stólinn fara í hringi og ég hlusta á rigninguna. Þú syngur. Rigningin heyrir. Ég hlusta á hana. Rigninguna. Önnur mannvera kemur með nýjan bleikan lampaskerm. Slekkur, skrúfar peruna úr, tekur svarta af, leggur þann bleika á, kveikir aftur. Við sitjum í bleikri birtu og ræðum það sem lagt er á. Það sem lagt er á ljósin. Ég opna út á svalir. Þú syngur. En rigningin hefur kraftmeiri hljóð. Hún kemur inn í húsið. Dynur á því sem lagt er á ljósin. Fellir þau um koll. Skellur á veruleikanum. Árum saman hafa kirsuberjatrén í garði nágrenns ekki borið ávöxt. Það koma fjórir karlar með lurka. Þeir koma inn í garð nágrenns með rigningunni. Þeir koma til að aga trén og tyfta og klippa þau niður ef þau blómstra ekki. Ég horfi á karlana lemja trén. Ég horfi á rigninguna lemja karlana.

Það má fylgja sögu að ég gat ekki þýtt þetta ljóð mjög nákvæmlega, því það sem mannveran kom með er „καπέλο για το φωτιστικό“ sem er hattur (skermur) fyrir ljósið eða lampann. En „καπέλο“ er líka viðbótargjald (t.d. ólöglegar álögur). Það er því ekki hægt að þýða „μυλάμε για καπέλα“ með „við tölum um hatta“. Ég fer í kringum þetta og segi „ræðum það sem lagt er á“.

Þriðja ljóðið úr safninu sem ég hef þýtt heitir Askjan (Το κουτί) og er eftir Pomas Tsalapatis (Θωμάς Τσαλαπάτης) sem fæddist í Aþenu árið 1984. Hann birtir talsvert af verkum sínum á bloggsíðunni <http://tsalapatis.blogspot.com/>. Þetta ljóð kom út í bókinni *Dagrenningin er sláturtíð herra Krak* (Το ξημέρωμα είναι σφαγή κύριε Κρακ) sem kom út hjá forlaginu Εκάτη í Aþenu árið 2013.

Pomas Tsalapatis

Askjan

Ég er með litla öskju og ofan í henni er sífellt verið að taka einhvern af lífi.

Hún er dálítið stærri en skókassi. Dálítið fáfengilegri en vindlakassi. Ég veit ekki hver, ég veit ekki hvern, en einhver er að aflífa einhvern. Það heyrir ekkert (nema í þau skipti sem það er auðheyrilegt). Ég set hana þar sem ég geymi bækurnar, læt hana upp á borð þegar ég vil verja tímanum til að horfa á hana, fjarri glugganum svo hún upplitist ekki í sólinni, undir rúmið þegar ég vil vera óþekkur. Innan í henni er verið að aflífa einhvern, líka þegar er gleðskapur í húsinu, meira að segja á sunnudögum, jafnvel þó það sé rigning.

Þegar ég fann öskjuna – ég ætla hvorki að segja hvernig né hvenær það gerðist – fór ég með hana heim og var harla ánægður. Á þeirri stundu bjóst ég við að heyra sjávarnið. En það sem gerist innan í henni er slátrun.

Mér fór að verða illt af þessu ónáði, af vitneskjunni um hvað gekk á innan í öskjunni. Nærvera hennar gerði mig veikan. Ég varð að grípa til einhverra aðgerða til að losa mig úr þessu, róa mig, fara í sturtu. Ákvarðanir voru óhjákvæmilegar.

Svo, ég sendi hana í pósti til vinar sem ég á til þess eins að gefa honum gjafir. Ég vafði sakleysislegum og marglitum pappír um öskjuna og batt um hana sakleysislegan og marglitan borða. Innan um bréfin í kassanum er sem sagt askja og innan í henni er verið að taka einhvern af lífi. Hún bíður í póstkassanum eftir að komast í hendur vinar míns. Ég held vináttunni áfram til þess eins að gefa gjafir.

Fjórða og síðasta ljóði sem ég þýddi heitir Fíll í lausu lofti (Ελέφαντας στον αέρα) eftir Yannis Moundelas (Γιάννης Μουνδέλας). Hann er fæddur í Aþenu 1982. Þetta ljóð birtist upphaflega árið 2006 á bloggsíðunni <http://ykmt3.blogspot.is/2006/05/>.

Yannis Moundelas

Fíll í lausu lofti

Það var fíll sem ákvað einn daginn að sér hentaði ekki að vera fíll og það væri tími til kominn að fljúga og verða fiðrildi. Vitið þið hvers vegna ekkert varð af þessu hjá honum? Það var vegna þess að hann kærði sig ekki um neitt nema hugmynd sína ...

Vildi ekki vera áberandi

Vildi ekki sigrast á þyngdaraflinu

Vildi ekki svífa meðal blómanna

Vildi bara einfaldlega verða fiðrildi

og af því varð aldrei ...

Þyngdin hélt honum niðri ... hann var bara þar

hékk og mændi á hina fílana sem urðu fiðrildi og á tvo hvali sem breyttust í páfugla ...

Var enn fíll þegar ellin færðist yfir því hugmynd hans var aldrei neitt nema hugmynd

án birtu

án vængja

sem enginn nema dauðinn gefur honum úr þessu.